

**15. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, mánudaginn 4. desember
2023
og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Stefanía Margrét Reimarsdóttir (SMR), Birna F Hannesdóttir (BFH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Birgitta Guðmundsdóttir (BG), Thelma Dögg Theodórsdóttir (TDT), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) og Andrés Páll Ásgeirsson (APÁ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 15 lögmatan.

Aðalfulltrúinn Jónas Snæbjörnsson boðaði forföll og voru allir varafulltrúar einnig forfallaðir.

Í fyrsta sinn sat fulltrúi nemendaráðs Tálknafjarðarskóla, Andrés Páll Ásgeirsson, fund fræðslunefndar.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091

Tillaga að gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2024 er vísað til fræðslunefndar til umfjöllunar.

Mál frá 623. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 28.11.2023.

Tillaga að gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2024 lögð fram og vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn án athugasemda.

Fulltrúi foreldra leikskólabarna, Thelma Dögg Theodórsdóttir, lagði fram eftirfarandi bókun í málinu:

Sett er athugasemd við að nú hafa þrjár breytingar orðið á þjónustu leikskólans og hafa þær komið sér illa við foreldra. Þær breytingar eru stytting vinnuviku en skólinn lokar fyrr á föstudögum. Lokað er á milli jóla og nýars og í vikunni fyrir páska til að koma til móts við sumarfrú starfsmanna og nú hækkun gjaldskrár.

2. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024 - 2309035

Upplýsingagjöfin rædd.

3. Ábending til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða - 2311054

Erindi frá Jafnréttisstofu dags. 10.11.2023 þar sem komið er á framfæri ábendingu til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Stefanía Margrét Reimarsdóttir (SMR)

Birna F Hannesdóttir (BFH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Birgitta Guðmundsdóttir (BG)

Thelma Dögg Theodórsdóttir (TDT)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Andrés Páll Ásgeirsson (APÁ)